

Góðan dag.

Fyrir hönd Skíðafélags Dalvíkur þá bendum við á eftirfarandi.

Félagið rekur skíðasvæðið á Dalvík og á því öll tæki sem viðkoma rekstrinum og þarf að viðhalda þeim. Um er að ræða tæki sem eru þung í rekstri og þarfnast viðhalds sem er oftast mjög kostnaðarsamt. Við viljum því benda á að í okkar tilfalli yrði mun léttara að viðhalda tækjum og búnaði ef virðisaukaskattur fengist endurgreiddur af varahlutum og vinnu. Við óskum því eftir að sá möguleiki verði fyrir hendi í frumvarpi til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.

Óskar Óskarsson

Sími 8983589